



515. Aukastjórnarfundur haldinn 13. desember 2018 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Sveinn Adolfsson (SA), Birgir Már Bragason (BMB) og Eva Björk Sveinsdóttir (ES).

Fjarverandi: Kári Gunnlaugsson (KG) og Birgir Ingibergsson (BI).

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá Daða Hreinssyni framkvæmdastjóra Félags heyrnarlausra vegna sölu á pennum. Móttekið og áframsent á deildir Keflavíkur.

3. Send bréf

Bréf sent á Landsbanka Íslands útibúi Reykjanesbæ vegna heimildar til handa Körfuknattleiksdeild Keflavíkur til að stofna Vísu + kort

4. Íþróttakarlar og kona Keflavíkur 2018

EH sagði frá símtali frá Hilmari Erni Jónassyni formanni sunddeildar Keflavíkur um hvort hægt væri að tilnefna Má Gunnarsson til útnefningar íþróttamanns fatlaðra í Reykjanesbæ. EH kannaði þann möguleika hjá framkvæmdastjóra UMFÍ og skrifstofustjóra ÍSÍ. EH lagði til þá leið sem skrifstofustjóri ÍSÍ benti á að stofna deild fatlaðra undir merkjum Keflavíkur. Miklar umræður um málið og töldu stjórnarmenn að lengri tíma þyrfti til að skoða þessa hluti og hvað þetta myndi þýða fyrir félagið varðandi skyldur gagnvart öðru fötluðu fólki sem vildi iðka íþróttir í öðrum deildum. **Ákveðið að fresta stofnun deildar fyrir fatlaða og kanna málið nánar.**

Útnefningar lágu fyrir frá deildum á hvaða íþróttamenn hljóta viðurkenningar. Badmintondeild tilnefndi ekki íþróttakarlar né -konu og skotdeildin tilnefndi ekki íþróttakonu. Stjórnarmenn fóru yfir tilnefningarnar og nokkrar umræður um hvaða einstaklingar hljóti útnefningu íþróttakarlar og -kona Keflavíkur. Niðurstaðan var sú að íþróttamaður Keflavíkur 2018 er Ágúst Kristinn Eðvarðsson og íþróttakona Keflavíkur 2018 er Thelma Dís Ágústsdóttir. Hóf íþróttakarlar og -konu Keflavíkur 2018 verður föstudaginn 28. desember kl. 18:00 í félagsheimili Keflavíkur. Hófið verður með sama hætti og undanfarin ár.

5. Önnur mál

Fimleikasýning fimleikadeildarinnar verður 15. desember 2018. Stjórnarmenn aðalstjórnar fá frítt inn á sýninguna.

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.

Fundi slitið kl. 18:30 Fundinn ritaði BS.

